

STEFNA LAGADEILDAR 2016-2021

Stefna Lagadeildar 2016–2021

Almennar forsendur:

Stefna Háskóla Íslands 2016-2021, H-21, stefna Félagsvísindasviðs fyrir sama tímabil og sjálfsmatsskýrslan frá 2015 og helstu áskoranir hennar.

Framsetning stefnu deildarinnar er tvíþætt: Annars vegar er stutt almennt stefnuskjal og hins vegar ítarlegra skjal sem inniheldur nánari útfærslu á stefnu þriggja áherslusviða með skilgreiningu helstu aðgerða, upplýsingum um ábyrgðaraðila og fjármögnun hvers þáttar eins og við á. Stefnunni fylgir almenn stefna í mannauðsmálum.

Almenn markmið – stefna

Lagadeild Háskóla Íslands er elsta og fjölmennasta lagadeild landsins og hefur ákveðnum skyldum að gegna við íslenskt samfélag og þróun réttarkerfisins. Skipulag og uppbygging deildarinnar tekur mið af jafnréttissjónarmiðum og sjálfbærri þróun. Akadémískt starf deildarinnar byggir á helgun í starfi, grunngildum um fagleg vísindaleg vinnubrögð og rannsóknarfrelsi kennara. Lagadeild hefur mikla sérstöðu, einkum í rannsóknum á íslenskri lögfræði og útgáfu fræðiritra, og er leiðandi í kennslu grundvallargreina lögfræðinnar. Kennslustarf deildarinnar einkennist af fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati, markvissri endurgjöf til nemenda, þjálfun gagnrýninnar hugsunar og jákvæðri upplifun nemenda af námi í deildinni. Áfram verður markvisst unnið að gæðamálum í grunn- og meistaranámi og styrkari stöðum skotið undir doktorsnám deildarinnar. Lagadeild tekur áfram sem hingað til virkan þátt í íslensku samfélagi og atvinnulífi, svo og fjölbreyttu innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði lögfræði, einkum norrænu og evrópsku, til hagsbóta fyrir bæði kennara og nemendur.

Lagadeild hefur, á deildarfundum 31. október 2017, samþykkt meðfylgjandi stefnu sem byggir á og útfærir stefnu Háskóla Íslands 2016-2021, H-21, og stefnu Félagsvísindasviðs fyrir sama tímabil eins og við á. Jafnframt er tekið mið af helstu áskorunum sjálfsmatsskýrslu deildarinnar frá 2015. Áfram sem hingað til eru helstu stefnumál deildarinnar tengd ýmsum gæðamálum sem varða þróun kennslu og kennsluhátta í grunn- og framhaldsnámi, rannsóknum og umgjörð rannsókna, og virkri þátttöku í samfélagi og atvinnulífi. Lagadeild fer árlega yfir stefnuna og stöðu aðgerða.

1. Nám og kennsla

Almennt markmið:

Kennslustarf deildarinnar einkennist af fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati, markvissri endurgjöf til nemenda, þjálfun gagnrýninnar hugsunar og jákvæðri upplifun nemenda af námi í deildinni. Áfram verður markvisst unnið að gæðamálum, einkum í grunn- og meistaranámi og styrkari stöðum skotið undir doktorsnám deildarinnar.

Með markvissri og áframhaldandi þróun fjölbreyttari kennsluhátta, fjölbreyttara námsmats og virkri endurgjöf til nemenda heldur Lagadeild forustu sinni sem leiðandi afl í kennslu lögfræði í grunn- og framhaldsnámi og laðar til sín bestu framhaldskólanemendurnar. Áfram verður lögð áhersla á samþættingu kennslu og rannsókna. Gripið verður til ákveðinna aðgerða til þess að gera doktorsnám við deildina eftirsóknarvert (sjá einnig 2).

Tiltekin markmið:

- Áfram tryggt að allt nám við deildina standist alþjóðlegar gæðakröfur og uppfylli þarfir samfélagsins.
- Bestu framhaldsskólanemendurnir valdir inn í deildina eftir atvikum með því að nýta inntökupróf við val á nemendum.
- Námsframvinda nemenda bætt og að í lok tímabilsins verði hún 0.8 (vor 2017 0.7).
- Hlutfall kennara (ígildi) og nemenda fari úr 1:22 (vor 2017) og verði í lok tímabilsins 1:17 (HÍ).
- Doktorsnám við Lagadeild verði eft.

1.Nám og kennsla	Helstu aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Kostnaður
Áfram verði tryggt að allt nám við deildina standist alþjóðlegar gæðakröfur og uppfylli þarfir samfélagsins	Árlegir fundir kennara og nemenda um þróun kennsluhátta, virka endurgjöf og fjölbreytt námsmat	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildarinnar
	Kennarar sækja um styrki í Kennslumálasjóð til að þróa áfram kennslu í einstökum námskeiðum	Umsækjandi	Styrkfé
	Námsleiðir verði endurskoðaðar a.m.k. einu sinni á tímabilinu með það að markmiði að þær svari þörfum samfélagsins hverju sinni	Deildarforseti BA-nefnd Rannsóknánámsnefnd	Regluleg starfsemi deildarinnar
	Hæfniviðmið námskeiða og námsleiða yfirfarin einu sinni á ári	Einstakir kennarar Viðkomandi fastanefndir	Regluleg starfsemi deildar
	Nýjir kennarar og stundakennarar sækja námskeið hjá Kennslumiðstöð	Deildarforseti Umsjónarkennarar Skrifstofa	Háskóli Íslands
	Meistaraneimar aðstoði kennara í umræðu- og verkefnatímum BA-náms	Einstakir kennarar	Aðstoðamannasjóður Lagadeild

	Reglulegir samráðsfundir með hagsmunafulltrúm nemenda um námið í Lagadeild	Deildarforseti	Regluleg starfsemi deildar
	Handbók um rannsóknir og verkefnavinnu í lögfræði	Ritnefnd	Styrkur liggur fyrir
Bestu framhaldsskólanemendurnir valdir inn í deildina	A-prófið eða sambærilegar aðferðir notaðar við val á nemendum	Deildarforseti Skrifstofa	Háskóli Íslands
	Öflug kynning á Lagadeild í samstarfi kennara og nemenda	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar
Námsframvinda nemenda bætt og verði í lok tímabilsins 0.8	Samstarf við nemendafulltrúa og Orator	Deildarforseti	Regluleg starfsemi deildar
	Formleg könnun meðal nemenda á atriðum sem tengjast námsframvindu, t.d. í samvinnu við Félagsvísindastofnun	Deildarforseti	Regluleg starfsemi deildar
	Endurskoðun reglna um meistararitgerðir, þ.m.t. reglur um tímamörk	Rannsóknanámsnefnd Deildarforseti	Regluleg starfsemi deildarinnar
Hlutfall kennara og nemenda fari úr 1:22 (vor 2017) og verði í lok tímabilsins 1:17	Fjölgun fastra kennara á tímabilinu	Deildarforseti	Óljóst
Doktorsnám við lagadeild verði eftt	Á hverjum tíma verði einn doktorsnemi fjármagnaður með styrk úr rannsóknasjóði, á annan hátt samkvæmt samningi og/eða af deild/stofnun	Einstakir kennarar Lagadeild Stofnun tengd Lagadeild	Styrkfé, Lagadeild
	Haldið verði a.m.k. eitt alþjóðlegt doktorsnámskeið á tímabilinu	Rannsóknanámsnefnd	Regluleg starfsemi deildar

2. Rannsóknir, umgjörð rannsóknastarfs og samþætting rannsókna og kennslu

Almennt markmið:

Akademískt starf deildarinnar byggir á helgun í starfi, grunnildum um fagleg vísindaleg vinnubrögð og rannsóknarfrelsi kennara. Lagadeild hefur mikla sérstöðu, einkum í rannsóknum á íslenskrri lögfræði og útgáfu fræðiriti, og er leiðandi í kennslu allra grundvallargreina lögfræðinnar.

Með rannsóknarfrelsi akademískra starfsmanna að leiðarljósi heldur Lagadeild forskoti sínu í rannsóknum á öllum sviðum lögfræðinnar með áherslu á grunngreinar íslenskrar lögfræði. Akademískir starfsmenn taki þátt í innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Til þess að tryggja áframhaldandi árangur og aukna sókn í rannsóknasjóði eða aðrar uppsprettur rannsóknarfjár er nauðsynlegt að treysta umgjörð rannsóknarstarfsins og samþætta rannsóknir og kennslu.

Tiltekin markmið:

- Auka sókn styrkja, þ. á m. í rannsóknarsjóði og aðra fjármögnun verkefna.
- Auka heildarfjölda rannsóknarstiga.
- Auka samþættingu rannsókna og kennslu.

2. Rannsóknir og umgjörð rannsókna	Helstu aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Kostnaður
Auka sókn styrkja, þ. á m. í rannsóknarsjóði og aðra fjármögnun verkefna	Reglulegar kynningar á mögulegum styrkjum í á sameiginlegum fundum deildarmanna	Deildarforseti Skrifstofa	Félagsvísindasvið
	Kennarar sækja ráðgjöf og þjónustu hjá rannsóknarstjóra	Kennarar	Félagsvísindasvið
	Kennarar sækja um styrki vegna vinnu við styrkumsóknir	Kennarar	Félagsvísindasvið
Auka fjölda rannsóknastiga	400 tíma kennsluafsláttur til nýrra akademískra starfsmanna sem dreifist á tveggja ára tímabil	Deildarforseti Skrifstofa	Félagsvísindasvið
	Taka virkan þátt í umræðu um breytingar á maskerfi Háskóla Íslands	Deildarfundur	Venjuleg starfsemi deildarinnar
Auka samþættingu rannsókna og kennslu	Virkir rannsakendur kenna í grunnnámi	Kennarar	Venjuleg starfsemi deildarinnar
	Þátttaka nemenda í innlendum ráðstefnum, t.d. Þjóðarspeglinum sem hluti af námi, hvatning til nemenda	Einstakir kennarar	Venjuleg starfsemi deildarinnar

3. Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi

Almennt markmið:

Lagadeild tekur áfram sem hingað til virkan þátt í íslensku samfélagi og atvinnulífi, svo og fjölbreyttu innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði lögfræði, einkum norrænu og evrópsku, til hagsbóta fyrir bæði kennara og nemendur.

Sérstaða Lagadeildar felst meðal annars í virkri þátttöku í íslensku samfélagi og fjölbreyttu samstarfi einkum á sviði lögfræðirannsókna. Kennarar deildarinnar taka þátt í alþjóðlegum samstarfsnetum og rannsóknarverkefnum.

STEFNA LAGAEILDAR 2016-2021

Tiltekin markmið:

- Tryggja áfram að starfsemi Lagadeildar sé sýnileg, m.a. í innlendri umræðu.
- Halda áfram alþjóðlegu samstarfi á sviði kennslu og rannsókna.
- Treysta samstarf við opinberar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og fjölmiðla hér á landi.

3.Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi	Helstu aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Kostnaður
Starf deildarinnar er enn sýnilegra, meðal annars í innlendri umræðu	Nýta til fullnustu þjónustu Félagsvísindasviðs á sviði kynningar- og markaðsmála	Deildarforseti Kennarar Félagsvísindasvið Skrifstofa	Regluleg starfsemi Félagsvísindasvið
	Ráðstefnur, opnir fyrirlestrar og málstofur	Lagadeild Stofnanir tengdar deild Kennarar	Regluleg starfsemi Styrkfé
Alþjóðlegt samstarf á sviði kennslu og rannsókna treyst	Virk þátttaka í alþjóðlegum tengslanetum og kennaraskipti, o.þ.h.	Kennarar Skrifstofa Alþjóðaskrifstofa	Regluleg starfsemi
	Áframhald á samvinnu við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla um doktorsnám	Deildarforseti Rannsóknánámsnefnd Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildarinnar
	Áframhald samvinnu við erlenda háskóla um skiptinám ætlað laganemum á meistarastigi	Skrifstofa Alþjóðaskrifstofa	Regluleg starfsemi
Samstarf við opinberar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og fjölmiðla hér á landi	Samningar um hvers konar rannsóknar- og þjónustuverkefni í lögfræði	Lagadeild Lagastofnun og aðrar stofnanir tengdar Lagadeild	Samningsbundnar þóknarir
	Akademískum starfsmönnum gert kleift að taka að sér trúnaðarstörf í samfélaginu sem metin eru til stiga	Háskóli Íslands Félagsvísindasvið	Regluleg starfsemi

4. Mannauður – mannaflapörf

Almennt markmið:

STEFNA LAGAEILDAR 2016-2021

Akademískt starf deildarinnar byggir á grunnildum um fagleg vísindaleg vinnubrögð, rannsóknarfrelsi kennara og virkum tengslum við sérfræðinga og samfélagið. Lagadeild leggur áherslu á að ráða færustu lögfræðinga sem vilja helga sig akademísku starfi. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægt samstarf við færustu lögfræðinga sem eru til þess fallnir að miðla mikilvægri sérhæfðri þekkingu og reynslu sem gestakennarar og stundakennarar.

Tiltekin markmið:

- Laða til sín lögfræðinga sem lokið hafa doktorsprófi, svo og vel menntaða lögfræðinga sem stundað hafa umtalsverðar rannsóknir á sviði lögfræði og hafa mikilvæga reynslu, og sem vilja helga sig akademísku starfi.
- Laða til sín færustu lögfræðinga, sem hafa reynslu og áhuga og þekkingu á kennslu og rannsóknnum, sem gestakennara og stundakennara.

4. Mannauður - mannaflapörf	Helstu aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Kostnaður
Lagadeild laðar til sín lögfræðinga sem lokið hafa doktorsprófi, svo og vel menntaða lögfræðinga sem stunda hafa umtalsverðar rannsóknir á sviði lögfræði og hafa mikilvæga reynslu, og sem vilja helga sig akademísku starfi	400 tíma kennsluafsláttur til nýrra akademískra starfsmanna sem dreifist á tveggja ára tímabil	Deildarforseti Skrifstofa	Félagsvísindasvið
	Mentorakerfi fyrir nýja akademíska starfsmenn	Deildarforseti og tiltekinn akademískur starfsmaður	Regluleg starfsemi deildar
	Gátlisti fyrir aðgerðir vegna nýrra starfsmanna	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar
	Fyrsta flokks vinnuaðstaðatilbúin þegar nýr starfsmaður mætir til starfa	Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar
	Bætt verði við a.m.k. einu nýju stöðugildi 100% á tímabilinu og stefnt að því að auka mannaflapörf á sviði fjármunaréttar	Deildarforseti	Óljóst
Lagadeild laðar til sín færustu lögfræðinga, sem hafa reynslu og áhuga og þekkingu á kennslu og rannsóknnum, sem gestakennara og stundakennara	Akademískum starfsmönnum deildarinnar sem láta af föstu starfi verði boðinn gestakennarasamningur þar sem samið er um tiltekið vinnuframlag og önnur verkefni	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar
	Gestakennarar og stundakennarar hvattir til reglubundinnar þátttöku á kennarafundum	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar
	Unnin verður handbók með leiðbeiningum um hlutverk gestakennara og stundakennara	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar

STEFNA LAGAEILDAR 2016-2021

	Bætt aðstaða í Lögbergi fyrir gestakennara og stundarkennara	Deildarforseti Skrifstofa	Regluleg starfsemi deildar
--	--	------------------------------	----------------------------

Vorið 2017 akademískir er starfsmenn samtals 17:56 stöðugildi

<i>Prófessorar</i>	<i>Dósentar</i>	<i>Lektorar</i>	<i>Aðjúnktar</i>	<i>Aðrir</i>
1.Aðalheiður Jóhannsdóttir 2.Benedikt Bogason 3.Björg Thorarensen 4. Davíð Þór Björgvinsson 5.Eiríkur Jónsson 6. Elvira Mendez-Pinedo 7.Eyvindur G. Gunnarsson 8.Hrefna Friðriksdóttir 9.Oddný Mjöll Arnardóttir 10.Ragnheiður Bragadóttir	1.Ása Ólafsdóttir 2. Brynhildur Flóvenz 3.Hafsteinn Þór Hauksson 4.Helgi Áss Grétarsson 5.Karl Axelsson 6.Kristín Benediktsdóttir 7.Pétur Dam Leifsson 8.Skúli Magnússon 9.Trausti Fannar Valsson	1.Ásgeir Einarsson 2.Jón Þór Ólason 3.Kristján Valdimarsson	1.Arnaldur Hjartarsson 2.Ásgerður Ragnarsdóttir 3.Bjarnveig Eiríksdóttir 4.Borghildur Erlingsdóttir 5.Davíð Örn Sveinbjörnsson 6.Dóra Guðmundsdóttir 7.Finnur Magnússon 8.Friðrik Ársælsson 9.Hafdís Ólafsdóttir 10.Hafsteinn Dan Kristjánsson 11.Hörður Felix Harðarsson 12.Óskar Sigurðsson 13.Ragnar Tómas Árnasson 14.Tómas Hrafn Sveinsson 15.Valgerður Sólves 16.Víðir Smári Petersen	Páll Sigurðsson Stefán Már Stefánsson Róbert Spanó